

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/67**  
**komudagur 28.10.2013**

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík 28. október 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), 3. mál.**

Samtök ferðapjónustunnar hafa farið yfir frumvarp til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2014 (verðlagsbreytingar o.fl.), mál 3 og vilja koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

**Kolefnagjald, eldsneytisgjald og áfengisgjald**

Gert er ráð fyrir að ofangreind gjöld hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárlagafrumvarpsins. Samtökin benda á að ofangreindir skattar eru krónutölugjöld og höfðu fram til ársins 2008 ekki verið bundnir verðlagsbreytingum. Síðan árið 2008 hafa þessi gjöld hinsvegar hækkað árlega en þó var hækkun á gjöld er tengjast eldsneyti ekki hækkun árið 2012.

Í stefnuýfirlýsingu ríkistjórnarinnar er bættur hagur og betri lífskjör mikilvægt málefni og einnig mátti ráða slíkt hið sama í stefnuræðu forsætisráðherra á alþingi nýverið. Ljóst er að ofangreindar hækkanir eru til þess fallnar að auka verðbólgu og gera lítið úr orðræðu um bætt lífskjör.

Ef kjarasamningar sem framundan eru eiga að skila árangri er nauðsynlegt að stjórnvöld geri sitt í að halda í við verðlagsbreytingar og mæla SAF með því að fallið verði frá hækkunum á krónutölugjöldum.

Virðingafyllst

Gunnar Valur Sveinsson